

ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR – ÁRLEGIR OG ÁRSFJÓRÐUNGSLEGIR

1. Tengiliður	2
2. Lýsigögn uppfærð	2
3. Framsetning	2
4. Mælieining	9
5. Viðmiðunartími	9
6. Umboð	10
7. Trúnaðarkvaðir	10
8. Reglur um birtingar	11
9. Tíðni birtinga	12
10. Aðgengileiki og skýrleiki	12
11. Gæðastjórnun	14
12. Notagildi	15
13. Nákvæmni og áreiðanleiki	16
14. Tímanleiki og stundvísi	17
15. Samræmi og samanburðarhæfni	18
16. Kostnaður og svarbyrði	19
17. Endurskoðun hagtalna	19
18. Úrvinnsla hagskýrslna	22
19. Athugasemdir	25

1. Tengiliður

1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Þjóðhagsreikningar og opinber fjármál
1.3 Nafn tengiliðar	Jón Ævarr Sigurbjörnsson, fagstjóri þjóðhagsreikninga
1.5 Heimilisfang stofnunar	Borgartún 21a, 105 Reykjavík
1.6 Netfang tengiliðar	Jon.Sigurbjornsson@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	528 1136

2. Lýsigögn uppfærð

2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	20.8.2020
-----------------------------	-----------

3. Framsetning

3.1 Lýsing á gögnum

Tilgangur þjóðhagsreikninga er að setja fram tölulega og á kerfisbundinn hátt yfirlit yfir efnahagsstarfsemina í þjóðarbúskapnum í heild svo og einstaka þætti starfseminnar. Hér er þó ekki um að ræða bókhald í þeim skilningi að öll viðskipti séu skráð heldur er athyglinni beint að ákveðnum megin hugtökum. Má þar nefna, landsframleiðslu, einkaneyslu, samneyslu, fjármunamyndun, viðskiptajöfnuð, launagreiðslur og rekstrarafgang fyrirtækja. Opinberar tölur um árlega þjóðhagsreikninga ná aftur til ársins 1945 en nokkrir háskólamenn hafa komið að gerð sögulegra þjóðhagsreikninga og ná þær tímaraðir aftur til 1870. Á árinu 2000 hófst gerð ársfjórðungslegra þjóðhagsreikninga og frá 1. ársfjórðungi 2006 hefur árstíðaleiðréttingu einnig verið beitt við gerð þeirra. Í báðum tilvikum náðu þessir reikningar aftur til ársins 1997.

Frá og með árinu 2014 hafa þjóðhagsreikningar verið gerðir skv. þjóðhagsreikningakerfi Evrópusambandsins, ESA 2010. Samfelldar tímaraðir samkvæmt því kerfi ná nú aftur til ársins 1995. Frá 1990 til 1995 eru þjóðhagsreikningar færðir samkvæmt ESA95. Fyrir þann tíma voru íslenskir þjóðhagsreikningar færðir samkvæmt þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna, SNA 68.

Lykilstærðin í þjóðhagsreikningum er landsframleiðslan sem sýnir þau verðmæti sem verða til sem afrakstur af starfseminni og ætluð eru til endanlegra nota. Unnt er að meta þessi verðmæti með tvennum hætti, annars vegar þegar þeim er ráðstafað eða þar sem þau myndast. Er því ýmist talað um *ráðstöfunaruppgjör* eða *framleiðsluuppgjör*. *Ráðstöfunaruppgjör* sýnir skiptingu landsframleiðslunnar í einkaneyslu, samneyslu, fjármunamyndun og utanríkisverslun. *Framleiðsluuppgjör* sýnir aftur á móti í hvaða atvinnugreinum landsframleiðslan myndast.

Þjóðhagsreikningar eru gerðir upp bæði á verðlagi hvers árs og föstu verði. Með umreikningi til fasts verðs, eða staðvirðingar, er leitast við að greina verðmætisbreytinguna frá ári til árs í annars vegar verðbreytingu og hins vegar magnbreytingu. Tilgangur staðvirðingar getur verið margþættur en mikilvægast er matið á hagvexti, það er vexti landsframleiðslunnar að raunverulegu verðgildi.

Ótal álitaefni koma upp við mat á því hvaða verðmæti eigi að telja með og hver ekki og með hvaða hætti eigi að haga þessu mati. Samanburður frá einum tíma til annars og milli þjóða er mikilvægur í þessu sambandi og hafa því þróast á

Lýsigögn

alþjóðavettvangi vinnuaðferðir við þetta mat. Flestar ef ekki allar þjóðir heims fylgja nú þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna (SNA 2008) en Evrópusambandið og EES-ríkin, og þar með Ísland, fylgja evrópskri útgáfu þess kerfis (ESA 2010).

Þjóðhagsreikningar eru notaðir við hvers konar mat á hagþróun til skamms eða langs tíma. Líkt og bókhald fyrirtækja greina þjóðhagsreikningar frá því hvernig til hefur tekist í rekstri þjóðarbúsins undanfarin ár, áratugi eða ársfjórðunga. Þeir eru grunnurinn sem þjóðhagsspár byggja á og gegna veigamiklu hlutverki við margs konar líkansmíði fyrir þjóðarbúskapinn í heild eða afmarkaða þætti hans.

3.2 Flokkunarkerfi

ESA2010 staðallinn leggur í té aðferðafræði og skilgreinir þær flokkanir sem Hagstofan vinnur eftir við úrvinnslu þjóðhagsreikninga.

ESA 2010 geiraflokkunarkerfið (sector classification) er notað til að flokka saman stofnanaeiningar (institutional units) sem hafa ýmis sameiginleg hagræn einkenni og þjóna sambærilegum tilgangi. Með geiraflokkun er íslenska hagkerfinu skipt upp í fimm haggeira:

- Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki
- Fjármálafyrirtæki
- Hið opinbera
- Heimilin
- Félagasamtök (stofnanaeiningar sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og hvert meginhlutverk þeirra er að sinna þjónustu við heimilageirann).

Auk hinna fimm innlendu haggeira eru útlönd skilgreind sem sérstakur haggeiri.

Við gerð framleiðsluuppgjörsins er notast við [Íslenska atvinnugreinaflokkunin \(ÍSAT2008\)](#) sem byggir á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins ([NACE Rev.2](#)) sem gildir í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Atvinnugreinaflokkun er meðal mikilvægustu flokkunarkerfa í hagskýrslugerð, þar sem samræmt flokkunarkerfi tryggir samanburðarhæfni á hagstærðum atvinnulífsins milli þjóða.

Við gerð ráðstöfunaruppgjörsins er notast við [COICOP staðallinn](#) (Classification of Individual Consumption by Purpose) sem er flokkunarkerfi fyrir einkaneyslu, vöru og þjónustu. COICOP er til þess gert að sundurliða útgjöld heimilanna þannig að unnt sé að skoða hlut einstakra liða í einkaneyslunni og hvernig þeir tengjast tilfærslum vegna félagsþjónustu (e. social transfers) og raunneyslu heimilanna (e. households' real consumption).

Fyrir sundurliðun samneyslu, kaup hins opinbera á vöru og þjónustu, er notast við [COFOG staðallinn](#) (Classification of the Functions of Government) til að flokka á útgjöldum hins opinbera eftir viðfangsefnum.

Lýsigögn

3.3 Umfang efnis - þekja

Árlegum, sem og ársfjórðungslegum þjóðhagsreikningum er gert að ná yfir alla efnahagsstarfssemi í þjóðarbúskapnum, þ.e. alla fimm haggeira hagkerfisins (sjá 3.2). Allar einingar sem hafa ráðandi fjárhagslega hagsmuni innan íslensks efnahagssvæðis falla undir þjóðhagsreikninga.

3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Þau hugtök sem notuð eru í þjóðhagsreikningum byggja öll á hinu evrópska þjóðhagsreikningakerfi (ESA 2010).

Lýsigöng þjóðhagsreikninga ná yfir talnaefni landsframleiðslu, einka- og samneyslu, fjármunamyndun og fjármunaeign sem og talnaefni framleiðsluuppgjörs. Lýsigögn fyrir talnaefni tekjuskiptingauppgjörs, fjármálareikninga, lífeyrisskuldbindina í þjóðhagsreikningum eru aðskilin.

Nokkrum lykilhugtökum og samhengi þeirra er lýst hér, annars vegar þeim sem mynda ráðstöfunaruppgjörið og hins vegar þeim sem mynda framleiðsluuppgjörið:

Ráðstöfunaruppgjör:

- *Einkaneysla*: Einkaneysla er skilgreind sem raunveruleg eða reiknuð útgjöld heimilanna vegna kaupa eða nota á varanlegum eða óvaranlegum vörum og þjónustu. Heimilunum eru reiknuð afnot eða leiguígildi af húsnæði, jafnvel þótt eigandinn búi í eigin húsnæði.
- *Samneysla*: Til samneyslu telst sá hluti af framleiðsluvirði hins opinbera sem það framleiðir til eigin nota, sem dæmi má nefna starfsemi skóla, sjúkrahúsa, fangelsa, löggæslu, sendiráða og ráðuneyta. Framleiðsluvirði samneyslu ákvarðast ekki á markaði eins og ef um markaðsvöru væri að ræða heldur er það talið samtala þeirra aðfanga og vinnsluvirðisþátta sem notaðir eru við framleiðsluna. Sala hins opinbera á vöru og þjónustu dregst frá framleiðsluvirðinu við mat á eigin notum.
- *Fjármunamyndun*: Fjármunamyndun nær til útgjalda atvinnugreina og hins opinbera til kaupa eða framleiðslu á fjármunum sem ætlaðir eru til nota við framleiðsluna. Húsnæðis kaup heimilanna eru einu kaup þeirra sem litið er á sem fjárfestingu.
- *Þjóðarútgjöld*: Er samtala einkaneyslu, samneyslu og fjármunamyndunar að meðtöldum birgðabreytingum.
- *Landsframleiðsla*: Er þjóðarútgjöld að viðbættum útflutningi vöru og þjónustu en að frádregnum innfluttri vöru og þjónustu. Landsframleiðslan er ein af lykilstærðunum í þjóðhagsreikningum og þegar rætt er um hagvöxt er átt við magnbreytingu landsframleiðslunnar.

Framleiðsluuppgjör:

- *Laun og launatengd gjöld:* Með launum og tengdum gjöldum er átt við greiðslur í peningum eða fríðindum frá atvinnurekstrinum til launþega fyrir vinnuframlag. Hér á einnig að telja með greiðslur vinnuveitandans til lífeyristrygginga vegna starfsmanna hvort sem um er að ræða formlega sjóði eða reiknaðar skuldbindingar vinnuveitandans.
- *Rekstrarafgangur:* Hagnaðar fyrir vaxtagreiðslur.
- *Vinnsluvirði:* Er samtala launa og launatengdra gjalda, rekstrarafgangs og afskrifta.
- *Landsframleiðsla:* Er vinnsluvirði að viðbættum sköttum á framleiðslu og innflutning en að frádregnum framleiðslustyrkjum.

3.5 Hagskýrslueining

Í þjóðhagsreikningum, samkvæmt ESA 2010, er notast við tvær tegundir hagskýrslueininga, þ.e. tvær leiðir til að skipta upp hagkerfinu. Þessar hagskýrslueiningar eru staðbundnar rekstrareiningar (e. local kind-of-activity units) og hageiningar (e. institutional units).

3.6 Þýði

Þjóðhagsreikningar ná yfir öll efnahagsleg viðskipti innan íslenska efnahagssvæðisins á skilgreindu tímabili, t.d. ári eða ársfjórðungi.

3.7 Svæði

Það svæði sem íslensku þjóðhagsreikningarnir ná yfir er íslenskt efnahagssvæði í heild sinni.

3.8 Tímabil

Þjóðhagsreikningar eru teknir saman á árlegum og ársfjórðungslegum grundvelli. ESA 2010 gerir kröfu um að talnaefni nái aftur til 1995, eða fyrsta ársfjórðung 1995 en umfang tímaraða talnaefnis er ólíkt eftir efni. Ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar ná aftur til fyrsta ársfjórðungs 1995. Árstölur landsframleiðslu ná aftur til 1945 en helstu lykilstærðir aftur til 1980.

3.9 Grunntímabil

Hugmyndin um grunntímabil (e. base period) á ekki við um þjóðhagsreikninga en raunbreytingar í þjóðhagsreikningum eru reiknaðar á verðlagi fyrra árs og árlegum keðjutenginum.

Viðmiðunarár (e. reference year) fasts verðlags er árið 2005 þegar keðjuvísitölu er beitt en frá og með útgáfu talnaefnis fyrir 3. ársfjórðung 2020 verður viðmiðunarárs fasts verðlags árið 2015.

4. Mælieining

4. Mælieining

Það fer eftir því hvaða tímaraðir þjóðhagsreikninga um ræðir hvaða mælikvarðar eiga við en sem dæmi má nefna mælikvarða líkt og verðlag hvers árs, fast verðlag, magnvísitölu og stofnstærðir í lok árs en slíkir mælikvarðar eru ávallt gefnir upp annað hvort í *íslenskum krónum* (milljónum króna) eða í *hundraðshlutum* (fyrir t.d. ársbreytingar, hlutdeild í hagvexti o.fl.) eftir samhengi tímaraða.

5. Viðmiðunartími

5. Viðmiðunartími

Árstölur vísa til almanaksárs og ársfjórðungslegar tölur vísa til viðkomandi ársfjórðungs. Í báðum tilvikum er þeim, eftir því sem kostur er, ætlað að lýsa verðmætastraumum á rekstrargrunni, ekki greiðslugrunni.

6. Umboð

6.1 Lög og reglugerðir

Sjá [lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007](#).

Á Íslandi byggir gerð hagskýrslna um fjárhag hins opinbera á samræmdum þjóðhagsreikningastaðli Evrópusambandsins, European System of National Accounts 2010 (ESA 2010). Lagalegur grundvöllur staðalsins er reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [nr. 549/2013](#) frá 21. maí 2013 um evrópskt þjóðhags- og svæðisreikningakerfi í Evrópusambandinu.

Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2014 frá 8. apríl 2014. Á grundvelli reglugerðarinnar hefur Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, gefið út leiðbeiningar og álit um einstök viðfangsefni sem ætlað er að auðvelda túlkun staðalsins og leiðbeina frekar um notkun hans. Eurostat sinnir einnig eftirliti með því að gildandi reglugerðum sé framfylgt. Framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 549/2013 er í höndum Hagstofu Íslands sem er sjálfstæð stofnun og miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar hér á landi.

7. Trúnaðarkvaðir

7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna

Sjá [reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna](#).

7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna

Grunngögn eru varðveitt á Hagstofunni. Afstaða er tekin til þess hverju sinni hvort utanaðkomandi aðilar fá aðgang að ítarlegri sundurliðun gagna en birt eru. Í því sambandi er verndun trúnaðarupplýsinga höfð í fyrirrúmi og fylgt verklagsreglum Hagstofu Íslands um meðferð trúnaðargagna, sem eru aðgengilegar á heimasíðu Hagstofunnar. Sjá [lög nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð](#), greinar 10 til 13.

8. Reglur um birtingar

8.1 Birtingaráætlun

Mikilvægt er að notendur séu upplýstir um ný talnagögn þjóðhagsreikninga og tilheyrandi fréttakynningar með góðum fyrirvara fyrir viðkomandi útgáfu. Birtingar eru því tilkynntar og settar á [birtingaráætlun](#) í samræmi við reglur Hagstofunnar um birtingar.

Allar breytingar á áætlun eru gerðar um leið og upplýsingar liggja fyrir og nýr útgáfu dagur gefinn út.

Birtingar þjóðhagsreikninga varða:

- Efnahagslegar skammtímatölur
- Ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar
- Árlegir þjóðhagsreikningar

8.2 Aðgengi að birtingaráætlun

Talnaefni verður aðgengilegt samkvæmt [birtingaráætlun Hagstofunnar](#). Til þessa hafa ekki orðið tafir frá áður tilkynntum dagsetningum. Í birtingaráætlun Hagstofunnar má sjá upplýsingar og dagsetningar á birtingum komandi árs, birt í nóvember ár hvert.

Hægt er að velja efnisflokkinn „Þjóðhagsreikningar“ á síðu birtingaráætlunarinnar.

8.3 Aðgengi fyrir notendur

Öllum notendum er veittur sami aðgangur að talnaefni þjóðhagsreikninga en upplýsingar um birtingu þeirra eins og annarra opinberra hagtalna er aðgengileg í birtingaáætlun Hagstofunnar og engum notenda veittur aðgangur á undan öðrum.

Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands undir fyrirsögninni „[Þjóðhagsreikningar](#)“.

9. Tíðni birtinga

9. Tíðni birtinga

Ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar eru birtir fyrir hvern ársfjórðung, þ.e. fjórum sinnum á ári. Ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar eru birtir innan tveggja mánaða frá því að ársfjórðungnum lýkur. Fyrri ársfjórðungar eru þá jafnframt endurskoðaðir. Ársfjórðungar taka einnig breytingum eftir því sem árstölur breytast.

Eftir aðstæðum geta þessir ársfjórðungslegu þjóðhagsreikningar verið endurskoðaðir og birtir aftur.

Árlegir þjóðhagsreikningar eru birtir tvisvar á ári, þegar áætlanir liðins árs liggja fyrir snemma á almanaksárinu og bráðabirgðatölur liðins árs síðar á árinu.

Fyrstu tölur um liðið ár, samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri, eru birtar í lok febrúar árið eftir, þ.e. í lok annars mánaðar eða um 60 dögum (t + 60 dagar) eftir að viðmiðunarárinu lýkur. Þær tölur eru nefndar áætlun fyrir næstliðið ár. Næstu tölur eru birtar í lok ágúst eða um átta mánuðum (t + 8 mánuðir) eftir að árinu lýkur og eru þær tölur nefndar bráðabirgðatölur.

10. Aðgengileiki og skýrleiki

10.1 Fréttatilkynningar

Niðurstöður þjóðhagsreikninga, ársfjórðungs- og árlegra þjóðhagsreikninga, eru gefnar út í fréttatilkynningum. Nákvæmar dagsetningar fréttatilkynninga eru aðgengilegar samkvæmt birtingaáætlun Hagstofunnar (sjá 8.1 og 8.2).

Fréttatilkynningar birtast á [fréttasafni](#) Hagstofu Íslands.

10.2 Útgáfur

Auk fréttatilkynninga og birtingu gagnasafna þjóðhagsreikninga á netinu getur talnaefni einnig birst í öðrum útgáfum svo sem ársskýrslum, bæklingum, tölfræðihandbókum, greinum og öðrum erindum.

Útgáfur eru aðgengilegar á [heimasíðu hagstofunnar](#).

10.3 Gagnasöfn á netinu	<p>Allt talnaefni þjóðhagsreikninga er aðgengilegt notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands undir fyrirsögninni „þjóðhagsreikningar“.</p> <p>Talnaefni þjóðhagsreikninga, sem og annars talnaefni Hagstofunnar, er miðlað með PC-axis(PX-Web) hugbúnaði sem upphaflega var hannaður af sænsku hagstofunni til að miðla tölfræðilegum upplýsingum.</p> <p>Talnaefni er hægt að hala niður á ýmsum sniðum, svo sem Excel, CSV, PC-Axis og gröf sem PNG og JPG.</p> <p>Aðgangur að talnaefni þjóðhagsreikninga er gjaldfrjáls. Efni er uppfært í tengslum við birtingar (sjá 8.1) kl. 9 að morgni birtingardags.</p>
10.4 Aðgengi að örgögnum	<p>Hægt er að sækja um aðgang að örgögnum Hagstofu Íslands í gegnum Rannsóknarþjónustu Hagstofunnar.</p>
10.5 Annað	<p>Auk fréttatilkynninga og annara útgáfa (sjá 10.1 og 10.2) geta upplýsingar varðandi þjóðhagsreikninga birst á samfélagsmiðlum Hagstofunnar en Hagstofan nýtir sér samfélagsmiðlana Facebook og Twitter undir „Hagstofa Íslands“. Fréttatilkynningum sem birtast á vef Hagstofunnar er einnig dreift á þessum miðlum.</p>

10.6 Skjöl um aðferðafræði	<p>Þjóðhagsreikningar á Íslandi hafa verið gerðir skv. aðferðafræði þjóðhagsreikningakerfis Evrópusambandsins, ESA 2010, síðan árið 2014.</p> <p>Helstu skýrslur um aðferðafræði þjóðhagsreikninga á Íslandi eru:</p> <ul style="list-style-type: none">• <i>Gross National Income Inventory (ESA95) Iceland</i>; Statistics Iceland, March 2004; birt á heimasíðu Hagstofunnar. Hér er um að ræða ítarlega lýsingu á aðferðum við gerð þjóðhagsreikninga á verðlagi hvers árs. Skýrslan er tekin saman að kröfu Eurostat sem hefur ákveðið kaflaskiptingu og umfjöllunarefni innan hvers kafla. Sambærilegar lýsingar eru til fyrir öll löndin á Evrópska efnahagssvæðinu. Beðið er eftir birtingu nýrrar sambærilegrar lýsingar í samræmi við ESA 2010.• <i>Þjóðhagsreikningar 1945-1992</i>; Þjóðhagsstofnun, Reykjavík Ágúst 1994.• Lýsing á aðferðum við útreikning á magnbreytingum (keðjutengingu), <i>Hagtíðindi: Landsframleiðslan - bráðabirgðatölur 2004, endurskoðun 1990-2003</i>, 13. september 2005.• Lýsing á aðferðum við mat á reiknaðri bankaþjónustu, <i>Hagtíðindi: Landsframleiðslan 2005 - áætlun</i>, 14. mars 2006.• Innleiðing nýs þjóðhagsreikningastaðals ESA 2010, <i>Hagtíðindi: Landsframleiðslan 2013 - endurskoðun</i>, 19. september 2014.
10.7 Skjöl um gæðamál	Að svo stöddu birtir Hagstofan engar skýrslur um gæðastjórnun við samantekt þjóðhagsreikninga en gæðastefna Hagstofu Íslands er aðgengileg á heimasíðu Hagstofunnar.
11. Gæðastjórnun	
11.1 Trygging gæða	Sjá meginreglur í hagskýrslugerð og gæðastefnu Hagstofu Íslands .
11.2 Gæðamat	Hagstofan birtir að svo stöddu engar skýrslur varðandi gæðamat íslenskra þjóðhagsreikninga.

12. Notagildi

12.1 Þarfir notenda

Á landsvísu eru notendur þjóðhagsreikninga eru m.a. ráðuneyti og opinberar stofnanir, Seðlabanki Íslands, fjármálafyrirtæki, háskólasamfélagið og fjölmiðlar sem nota þjóðhagsreikninga við stefnumótun, rannsóknir, ákvarðanatöku og upplýsta þjóðfélagsumræðu.

Á alþjóðavettvangi eru gögn íslenskra þjóðhagsreikninga einnig notuð af fjölda alþjóðastofnana, svo sem Eurostat og OECD.

Hagstofa Íslands leggur mikið upp úr góðu samstarfi við notendur hagtalna. Hagstofan skipuleggur fundi og kannanir til að skilja betur þarfir og væntingar notenda með það að markmið að bæta gæði. Sérstakur notendahópur er fyrir greiningaaðila en hópurinn fjallar um þarfir og væntingar þeirra notenda sem nota hagtölur til að greina efnahagsmál og framvindu hagkerfisins. Hópurinn hittist tvisvar á ári. Hann er skipaður fulltrúum frá ráðuneytum og opinberum stofnunum, Seðlabanka Íslands, Fyrirtækjum á fjármálamarkaði, Sjálfstætti starfandi greiningarfyrirtækjum og Samtökum á vinnumarkaði.

12.2 Ánægja notenda

Álit og skoðanir notenda þjóðhagsreikninga er eitt þeirra verkfæra sem hægt er að nota til að mæla gildi og gagnsemi talnaefni þjóðhagsreikninga.

Hagstofa Íslands er meðvituð um mikilvægi skoðanna notenda en að svo stöddu er ekki til neinn mælikvarði á ánægju notenda þjóðhagsreikninga sérstaklega en skoðanir og álit notenda opinbera hagtalna hefur verið safnað og kannað, til að mæla ánægju notenda, í notendakönnun Hagstofunnar sem framkvæmd hefur verið 5 sinnum síðan árið 2007.

12.3 Heildstæðni

Þjóðhagsreikningar á Íslandi eru unnir í samræmi við aðferðafræði ESA2010.

13. Nákvæmni og áreiðanleiki

13.1 Nákvæmni

Árið 2014 var hið nýja þjóðhagsreikningakerfi Evrópusambandsins, ESA 2010, tekið í notkun. Við undirbúning þess voru ýmsar áætlunaraðferðir teknar til endurskoðunar og matsfjárhæðum breytt eftir því sem ástæða var talin til. Skekkjur eða ónákvæmni í gögnum setja vissulega mark sitt á tölur um þjóðhagsreikninga. Þó má segja að með samræmdri meðhöndlun gagnanna frá ári til árs og kerfisbundinni afstemmingu framleiðslu- og ráðstöfunar megi draga verulega úr skekkju í frumheimildum. Sama má segja um reglulegar meiriháttar endurskoðanir (e. benchmark revisions), sem framkvæmdar verða á um fimm ára fresti (sjá 17.2) sem munu auka á samræmdri meðhöndlun gagna og auka nákvæmni við gerð þjóðhagsreikninga.

13.2 Úrtaksvillur

Á ekki við

13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)

Hagstofa Íslands, í samstarfi við Eurostat, reynir að halda villum í lágmarki með því að vera stöðugt að þróa og bæta aðferðafræði íslenskra þjóðhagsreikninga.

14. Tímanleiki og stundvísi

14.1 Tímanleiki

Lagt er út með að talnaefni þjóðhagsreikninga sé aðgengilegt notendum eins fljótt og auðið er, með hliðsjón af tíðni gagna (árlega eða ársfjórðungslega), eðli gagnanna og með jafnvægi á milli nákvæmni og tímanleika.

Miðlunaráætlun ESA 2010 (e. transmission programme) skilgreinir nauðsynlegan tímanleika fyrir allt talnaefni þjóðhagsreikninga. Ársfjórðunglegt talnaefni á til að mynda að liggja fyrir 2-3 mánuðum eftir að ársfjórðungi líkur.

Hjá Hagstofu Íslands liggja fyrstu tölur þjóðhagsreikninga um liðið ár, samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri, fyrir í lok febrúar árið eftir, þ.e. í lok annars mánaðar eða um það bil 60 dögum ($t + 60$ dagar) eftir að viðmiðunarárinu lýkur. Þær tölur eru nefndar áætlanir. Næstu tölur eru birtar í lok ágúst eða um átta mánuðum ($t + 8$ mánuðir) eftir að árinu lýkur og eru það bráðabirgðatölur. Talað er um bráðabirgðatölur þar til í lok febrúar, 26 mánuðum eftir að árið líkur en engu að síður geta þær tekið breytingum eftir því sem tilefni gefst.

Ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar eru birtir um það bil 60 dögum eftir að ársfjórðungnum lýkur. Fyrri ársfjórðungar eru þá jafnframt endurskoðaðir. Ársfjórðungar taka einnig breytingum eftir því sem árstölur breytast.

14.2 Stundvísi

Niðurstöður eru birtar samkvæmt birtingaráætlun Hagstofunnar. Nýverið hafa ekki orðið tafir frá áður tilkynntum dagsetningum.

15. Samræmi og samanburðarhæfni

15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg	<p>Samanburður við erlendar hagtölur er afar algengur og ætti að vera marktækur fyrir þau lönd sem fylgja sama staðli við gerð þjóðhagsreikninga, ESA2010 sem ESB og EES ríki fylgja sem og aðrar þjóðir sem fylgja SNA2008 staðlinum sem er samrýmanlegur við ESA2010.</p> <p>Íslensku þjóðhagreiðingarnir eru teknir saman samkvæmt ESA þjóðhagreiðingastaðalsins og samanburður því marktækur svo lengi sem samanburðarlönd fylgja sama staðli. Hins vegar er ekki alltaf hægt að tryggja samanburðarhæfni að fullu vegna þess hve grunnögn og samantekt þjóðhagsreikninga getur verið breytileg.</p>
15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma	<p>Ein af grunnhugmyndunum með þjóðhagsreikningum er að fylgt skal samræmdum aðferðum frá ári til árs í því skyni að tímaraðir verði eins sambærilegar og kostur er.</p> <p>Með tilkomu nýrra og betri heimilda eða aðferða eitthvert ár getur sambærileikinn þó raskast og er þá leitast við að leysa þann vanda með því að reikna breytingaárið samkvæmt bæði gömlu og nýju aðferðinni og nota breytingaárið sem tengiár, keðjutenging.</p> <p>Brot getur myndast í tímaröðum þegar farið er í meiriháttar endurskoðanir tímaraða, líkt og þegar ESA 2010 var tekið upp.</p>
15.3 Samræmi – milli efnissviða	<p>Samanburður við innlendar hagtölur er ýmsum takmörkunum háður því oftast er ekki byggja tölur um þjóðhagsreikninga á slíkum hagtölum og samanburðurinn er þá fremur á vinnslustigi en lokastigi. Það á til að mynda við um heildartölur um ársreikninga í einstökum atvinnugreinum í dýpstu sundurliðun. Samanburður við ársverk eða fjármunaeign í atvinnugreinum er marktækari og iðulega gerður.</p>
15.3 Samræmi – innan efnissviðs	<p>Á ekki við.</p>

16. Kostnaður og svarbyrði

16. Kostnaður og svarbyrði

Í meginatriðum má segja að þjóðhagsreikningar nýti ýmsar stjórnsýsluskrár sem safnað er í öðrum tilgangi. Lítið er leitað beint til fyrirtækja eða stofnana við gagnasöfnun og alls ekki til einstaklinga en þegar leitað er til fyrirtækja þá er alla jafnan beðið um gögn sem þegar eru tiltæk. Svarbyrðin er því hverfandi.

17. Endurskoðun hagtalna

17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna

Sjá [stefnu](#) Hagstofu Íslands um endurskoðun hagtalna.

**17.2 Endurskoðun
hagtalna - framkvæmd**

Í opinberri tölfræði eru tvær mikilvægar gæðavíddir, tímanleiki og nákvæmni í niðurstöðum. Í reglulegum birtingum, meðal annars í þjóðhagsreikningum, er algengt að niðurstöður séu endurskoðaðar enda eru þær oft byggðar á bráðabirgðatölum þar sem markmiðið er að gera grein fyrir þeim eins fljótt og unnt er. Áreiðanleiki niðurstaðna eykst venjulega með tímanum þegar nýrri og betri gögn verða tiltæk, til dæmis úr opinberum skráum. Ef um bráðabirgðaniðurstöður er að ræða er notendum gerð grein fyrir því og þurfa notendur að túlka bráðabirgðaniðurstöður í samræmi við eðli þeirra.

Strangt til tekið telur Hagstofan hagtölur, innan þjóðhagsreikninga, aldrei vera endanlegar. Reglulegar endurskoðanir vísa til breytinga á tímaröðum sem kunna að verða á milli bráðabirgðatalna og síðan „endanlegri“ talna, eða breytinga sem eiga sér rætur að rekja í fyrirkomulagi reglulegrar úrvinnslu. Við gerð þjóðhagsreikninga er gerður greinarmunur á því hvort að um er að ræða reglulega endurskoðun (e. routine revision) eða svokallaða meiriháttar endurskoðun (e. major revision). Reglulegar endurskoðanir eiga sér stað innan skilgreinds tímabils sem yfirleitt nær til líðandi árs og að auki 2-3 liðinna ára. Tilgangur reglulegra endurskoðana er fyrst og fremst sá að styrkja áður framkvæmdar mælingar eftir því sem meiri og áreiðanlegri upplýsingar liggja fyrir. Reglulegar endurskoðanir eru því órjúfanlegur hluti þjóðhagsreikninga og mikilvægur þáttur í framkvæmd tímanlegra og áreiðanlegra mælinga. Slíkar endurskoðanir byggja á fastmótuð verklagi sem á sér stoð í opinberri endurskoðunarstefnu og birtingaráætlun viðkomandi hagstofu. Dæmi um slíkt er endurskoðun birtra áætlana sem eru endurskoðaðar þegar ítarlegri gögn liggja fyrir, t.d. þegar ítarlegri upplýsingar liggja fyrir úr skattframtölum einstaklinga og fyrirtækja. Reglulegar endurskoðanir árstalna eru venjulega gefnar út tvisvar á ári. Í stuttu máli er hægt að lýsa hringrás reglulegra endurskoðana á eftirfarandi hátt:

- Útgáfa 1, kallað áætlun, er birt í lok febrúar eftir að viðmiðunarári líkur (t + 60 dagar). Fjórði ársfjórðungur viðmiðunarárs er gefinn út sama dag.
- Útgáfa 2, kallað bráðabirgðagögn, er birt í lok ágúst (t + 8 mánuðir) og 2. ársfjórðung ársins sama dag.
- Útgáfa 3, er gefin út í lok febrúar ári síðar (t + 14 mánuðir).

Árstölur í fyrstu útgáfu, útgáfu 1, eru að hluta til summa af fjórum ársfjórðungum ársins miðað við ársfjórðungslegu þjóðhagsreikningana og eingöngu samkvæmt ráðstöfunaruppgjöri. Þessi lýsing vísar aðeins til ráðstöfunaruppgjörs.

Aðrar endurskoðanir, sem ná yfir lengri tíma, eru skilgreindar sem meiriháttar endurskoðanir og geta komið til af ýmsum

ástæðum. Þessum meiriháttar endurskoðunum er skipt í meiriháttar atviksbundnar endurskoðanir og meiriháttar reglubundnar endurskoðanir. Algengustu ástæður meiriháttar endurskoðana eru nýjar heimildir, nýjar aðferðir, endurskoðun staðla og flokkunarkerfa. Slíkar endurskoðanir ná öllu jöfnu yfir lengra tímabil og eru framkvæmdar sjaldnar. Dæmi um slíka endurskoðun var árið 2014 þegar nýr evrópskur þjóðhagsreikningastaðall, ESA 2010, var innleiddur á Íslandi. Í þeim tilgangi að mæta betur þörfum notenda fyrir samræmd viðmið um tímasetningar slíkra endurskoðana hafa aðildarlönd hins Evrópska hagskýrslusamstarfs (European Statistical System) komið sér saman um viðmið um tímasetningu þeirra. Almennt verður miðað við að endurskoðanir tímaraða umfram hina reglubundnu endurskoðun verði framkvæmd á fimm ára fresti og samtímis í öllum aðildarlöndunum. Í tengslum við innleiðingu þessara viðmiða gerir Hagstofa Íslands ráð fyrir endurskoðun þjóðhagsreikninga í nóvember 2020 samhliða útgáfu talnaefnis fyrir 3. ársfjórðung. Við endurskoðun tímaraða verður þá leitast við að innleiða breytingar vegna nýrra eða betri gagna og endurbættra aðferða við mat á þeim. Miðað er við að næsta þar á eftir verði árið 2024 og svo framvegis á fimm ára fresti í samræmi við áður nefnda stefnu um samræmda tímasetningu meiriháttar endurskoðana.

Innlendar endurskoðanir eru samræmdar á milli mismunandi gagnasafna innan þjóðhagsreikninga, þó tímabundinn munur geti komið fram (vegna mismunandi tímasetningar á birtingum gagnasettanna).

18. Úrvinnsla hagskýrsla

18.1 Grunnögn

Við samsetningu þjóðhagsreikninga á Íslandi er að stærstum hluta notast við stjórnsýsluskrár og gögn. Gagnasöfnun þar sem notast er við spurningakannanir, gegna minniháttar hlutverki. Víða er leitað fanga við gerð þjóðhagsreikninga og koma hagtölur af ýmsu tagi að gagni. Helst ber að nefna (listinn er ekki tæmandi):

- Utanríkisverslun (ráðstöfunaruppgjör)
- Greiðslujöfnuð við útlönd (ráðstöfunaruppgjör)
- Ársreikninga fyrirtækja og stofnana (ráðstöfunar- og framleiðsluuppgjör)
- Staðgreiðslugögn (ráðstöfunar- og framleiðsluuppgjör)
- Skattframtöl einstaklinga (framleiðsluuppgjör)
- Ríkisreikningur og ársreikningar sveitarfélaga (ráðstöfunaruppgjör)
- Innlenda framleiðslu (ráðstöfunar- og framleiðsluuppgjör)
- Virðisaukaskattsveltu fyrirtækja (ráðstöfunar- og framleiðsluuppgjör)
- Skýrslur frá Þjóðskrá Íslands ríkisins um endurstofnverð eigna (ráðstöfunaruppgjör)
- Neyslukannanir (ráðstöfunaruppgjör)
- Vísitölur neysluverðs og vísitölu byggingarkostnaðar (ráðstöfunaruppgjör)
- Launavísitölu (ráðstöfunaruppgjör)
- Gögn um greiðslukortaveltu (ráðstöfunaruppgjör)

18.2 Tíðni gagnasöfnunar

Þjóðhagsreikningar eru unnir úr áðurnefndum grunnögnum á árs og ársfjórðunga fresti. Vegna eðli grunn gagnanna getur tíðni gagnasöfnunar verið breytileg og tímasetningar grunnagna skarast á við vinnslu og birtingu þjóðhagsreikninga.

18.3 Gagnasöfnun

Deild þjóðhagsreikninga safnar venjulega ekki gögnum heldur aflar þeirra frá öðrum deildum stofnunarinnar eða öðrum stofnunum. Gagnasöfnunarferlið á sér stað í gegnum nokkrar miðlunarleiðir:

- Rafræn gagnaskil til Hagstofu Íslands
- Speglnun gagnagrunna milli stofnana
- Rafræn gagnaskil í gegnum „tölvuský“ (e. cloud services)
- Tölvupóstur

Notast er við ólíkar miðlunarleiðir eftir eðli gagnanna og hvort um ræðir gögn innan Hagstofunnar eða milli stofnana. Hagstofa Íslands tekur á móti gögnum frá áðurnefndum heimildum (18.1). Frekari heimilda og upplýsinga er leitað ef þess er þörf.

18.4 Sannprófun

Til viðbótar við þær gæða- og sannprófanir sem gerðar eru á þeim hagtölum sem nýttar eru við gerð þjóðhagsreikninga eru gögn og niðurstöður sannprófaðar í vinnsluferli þjóðhagsreikninga. Með því er meðal annars leitast við að tryggja innra samræmi í niðurstöðum og draga úr villuhættu. Við sannprófanir er í sumum tilvikum notast við hliðstæðar tímaraðir (viðmiðunarbreytur) í þeim tilgangi að fanga möguleg frávik eða merki um atriði sem þarfnast frekari skoðunar. Umfang og dýpt sannprófunar er mjög háð þeim tímamörkum sem úrvinnslu eru sett en þau eru mun þrengri í tilviki ársfjórðungslegra þjóðhagsreikninga en árlegra.

18.5 Gagnavinnsla

Úrvinnsla þjóðhagsreikninga fer fram í nokkrum skrefum. Umfang ferilsins fer að hluta til eftir hvaða heimildir eru tiltækar og svo þeim tímaramma sem reikningarnir eru unnir innan.

Ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar byggja á fjölþættum heimildum sem ýmist er safnað í formi kannana eða beinna fyrirspurna eða eru fengnar uppúr opinberum skrá, s.s. staðgreiðsluskrá, skrá um virðisaukaveltu og tollaskrá. Gögnum er safnað þegar þau eru tiltæk og þau gæðaprófuð og aðlöguð að vinnsluferli þjóðhagsreikninga. Til að mynda eru upplýsingar um greiðslukortaveltu, virðisaukaskattsveltu og vöruinnflutning nýttar við mat á þróun einkaneyslu og fjármunaeign, gögn frá Þjóðskrá um framvindu byggingaframkvæmda nýttar við mat á þróun íbúðafjárfestingar og upplýsingar frá Fjársýslu ríkisins nýttar við mælingar á samneysluútgjöldum og fjárfestingu hins opinbera. Í öllum tilvikum eru þær upplýsingar sem safnað er aðlaðagar að skilgreiningum og hugtökum þjóðhagsreikninga og þau gæðaprófuð. Upplýsingar um utanríkisviðskipti eru fengin úr opinberum upplýsingum sem gefnar eru út af Hagstofu Íslands.

Árlegir þjóðhagsreikningar liðins árs eru fyrst birtir um 60 dögum eftir að viðmiðunarári líkur og byggir sú úrvinnsla að stærstu leyti á samanlögðum ársfjórðungslegum mælingum. Seinna þegar helstu gagnaheimildir fyrir árið berast þá breytast árs niðurstöður og ársfjórðungsniðurstöður eru aðlagðar þar sem það á við. Þar má nefna heimildir eins og Ríkisreikning, ársreikninga sveitarfélaga, staðgreiðsluskrá og ársreikninga fyrirtækja og stofnana.

Þó svo að þriðja útgáfa þjóðhagsreikninga sem birt er um 14 mánuðum eftir að viðmiðunarári líkur sé ekki sett fram með fyrirvara um að bráðabirgðatölur sé að ræða eru þær endurskoðaðar þegar endanlegri gögn liggja fyrir. Þannig eru niðurstöður t.a.m. endurskoðaðar um 26 mánuðum eftir að viðmiðunarári líkur þegar endanleg gögn liggja fyrir frá RSK. Niðurstöður þjóðhagsreikninga eru þó í eðli sínu aldrei endanlegar, enda geta til að mynda staðlar og aðferðafræði tekið breytingum.

18.6 Aðlögun

Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs og milli samliggjandi ársfjórðunga. Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir (einkaneysla, samneysla o.s.frv.) árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu). Endurskoðaðar bráðabirgðatölur sem taka breytingum eftir því sem ítarlegri upplýsingar liggja fyrir, hafa einnig áhrif á árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar.

19. Athugasemdir

19. Athugasemdir